

### 3. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

Zoom, 6. maí 2021, kl. 20:00

#### Undirbúningur fyrir fund:

- Lesa yfir [fundargerð](#) 2. stjórnarfundar til samþykktar.
- Lesa yfir [fundargerð](#) 1. leiðtoga ráðsfundar til samþykktar.
- Sjá [beiðni](#) um fund með félagsmálaráðuneyti til samþykktar.

**Mættir eru:** Una Hildardóttir (UH), Geir Finnsson (GF), Viktor Ingi Lorange (VIL), Sylvía Martinsdóttir (SM), Sara Þöll Finnbogadóttir (SÞF), Steinunn Ása Sigurðardóttir (SÁS) og Davíð Sól Pálsson (DSP).

**Frá skrifstofu:** Tinna Isebarn (TI) og Rut Einarsdóttir (RE).

**Fundarstjóri:** Geir Finnsson (GF)

**Fundarritari:** Tinna Isebarn (TI)

Fundur settur 20:04

#### Dagskrá:

1. [Fundargerð](#) 2. stjórnarfundar til samþykktar. Samþykkt.
2. [Fundargerð](#) 1. leiðtoga ráðsfundar til samþykktar. Samþykkt.
3. **Upplýsingar frá skrifstofu:**
  - 3.1. [Starfsáætlun](#) stjórnarársins hefur verið uppfærð.
  - 3.2. [Vinnuáætlun](#) skrifstofu hefur verið uppfærð.
  - 3.3. Fulltrúi LUF í Norðbuk: TI hefur verið beðin um að halda áfram sem varamaður. Samþykkt.
  - 3.4. [Fundur alþjóðanefndar](#) var vel heppnaður.
  - 3.5. Umsögn um [mótun skuldbindinga íslenskra stjórnvalda í tengslum við þátttöku í átaksverkefni UN Women, Kynslóð jafnréttis \(e. Generation Equality Forum\)](#) send 3. maí.
  - 3.6. LUF hefur sótt um þátttöku í [Norrænu samstarfsneti](#).
  - 3.7. LUF hefur samþykkt samstarf við Slóvakíu í beiðni þeirra um styrk.
  - 3.8. LUF hefur svarað aðildarkönnun YFJ.
4. **Starfsmannamál:**
  - 4.1. Auglýsing eftir verkefnastjóra hefur verið birt á vef Vinnumálastofnunar. Er hún einungis sýnileg þeim sem hafa verið á atvinnuleysissskrá í meira en 12 mánuði. Umsóknarfrestur er til og með 9. maí.
    - 4.1.1. LUF mun þurfa að greiða mótframlög og tryggingagjald sem nemur um 120 þ.kr. að viðbættu orlofi og uppbót sem ræðst af stéttarfélagi.
  - 4.2. Úthlutun sumarátaksstarfa: LUF hefur fengið úthlutað 1 stöðugildi sem skrá þarf fyrir 10. Maí. Lagt er til að TI skrái sumarstarf sem felst í að aðstoða verkefnastjóra LUF við helstu verkefni félagsins yfir sumartímann.
  - 4.3. Ráðningarferli. Lagt er til að TI vinni úr umsóknum og að sama stigagið og síðast verði notuð. Lagt er til eftirfarand ráðningarteymi: TI, SHB, RE, UH og

GF. Munu þau sjá um að gefa stig, taka ákvarðanir um hverjir verða boðaðir í viðtal og loka ákvörðun um ráðningu. Samþykkt.

**5. Samstarf við félagsmálaráðuneytið**

- 5.1. [Beiðni](#) um fund
- 5.2. Tillaga: Mæta á fundinn með beiðni um áframhaldandi samstarfssamning.
- 5.3. Tillaga samþykkt.

**6. Rsk-málið til upplýsinga:**

- 6.1. Formleg neitun á skráningu LUF sem heiti félagsins barst 30. mars 2021. Kærufrestur til ráðuneytis til 30. júní. Hægt að láta reyna á lögmati ákvörðunarinnar. SHB er að vinna í kærinni.
- 6.2. LUF sendi [athugasemdir](#) vegna skýringa atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins til [umboðsmanns Alþingis](#) vegna kvörtunar LUF. Beiðin er ákvörðunar umboðsmanns um framhald málsins. SHB er að þrýsta á framgang málsins.

**7. Alþjóðamál:**

- 7.1. [Baltic Sea Parliamentary Youth Forum](#) 2021 (16-30 ára). Frestur til að [sækja um](#) er til og með sun 9. Maí. GF, SÁS, VIL, SM.
- 7.2. Boð frá Litháen: Sameiginlegur fundur með National Youth Councils. Rut fer á fundinn.
- 7.3. Iceland UPR Review \_ Call for inputs. Frestur 15. Júlí. SÞF sendir á Tinnu.

**8. Leiðtogaskóli Íslands 2021:**

- 8.1. Skipan fulltrúa stjórnar í stjórn Leiðtogaskólans. GF er skipaður.
- 8.2. Fyrsti fundur stjórnar Leiðtogaskólans er áætlaður 12. maí.
- 8.3. Auglýsa eftir þjálfurum í Þjálfarateymið.

**9. Næsti stjórnarfundur: Skoðanakönnun.**

**10. Önnur mál:**

- 10.1. SÁS spyr um stöðu #ÉgKýs. TI greindi frá.

Fundi slitið kl. 20:43.